



Skóla- og frístundasvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2026
MSS26020044
HSG

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 10.2.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um sjálfsvarnarkennslu í grunnskólum fyrir nemendur á unglingastigi

Lögð fram svohljóðandi tillaga Dagbjartar Freyju Gígju, fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar fyrir nemendur í unglingadeild í öllum grunnskólum Reykjavíkur eigi síðar en á haustönn 2027.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Dís Sigurgeirsdóttir
e.u.



Reykjavík

Tillögur og greinargerðir vegna fundar Reykjavíkurráðs ungmenna

með borgarstjórn Reykjavíkur

10. febrúar 2026

6) Dagbjört Freyja Gígja, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um sjálfsvarnarkennslu í grunnskólum fyrir nemendur á unglingastigi:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar fyrir nemendur í unglingadeild í öllum grunnskólum Reykjavíkur eigi síðar en á haustönn 2027.

Greinargerð:

Síðustu ár hefur ofbeldishegðun meðal ungs fólks aukist á Íslandi. Vopnaburður hefur vaxið og algengt er að slagsmál séu tekin upp og þeim síðan dreift á samfélagsmiðlum. Okkar tilfinning er sú að ungt fólk verði meira vart við ofbeldið heldur en fullorðnir sem detta ekki inn í sama algóripma og unglingar á samfélagsmiðlum. Við erum hrædd við aukna tíðni ofbeldis og teljum okkur oft ekki örugg og þá sérstaklega ekki þegar við erum ein á ferð. Af þessum sökum leggur ungmennaráð Kjalarness til að Reykjavíkurborg bregðist við með því að sjá nemendum á unglingastigi í grunnskólum Reykjavíkur fyrir kennslu í grunnþáttum sjálfsvarnar.